



„Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ - Skemmtileg dagskrá á ráðstefnu SSSK í Salnum þann 4. mars næst komandi og síðan verður árshátíðin í Glersalnum um kvöldið

Ráðstefnu- og árshátíðarnefndin okkar hefur sett saman bráðskemmtilega og áhugaverða dagskrá. Ráðstefnan stendur frá 15 – 18, föstudaginn 4. mars (sjá nánar í meðfylgjandi dagskrá) í Salnum í Kópavogi og síðan förum við í sparifötin og skundum í Glersalinn í Kópavogi og skemmtum okkur á árshátíð SSSK.

Athugið að aðgangur að ráðstefnunni verður í boði SSSK!

Dagskrá ráðstefnunnar verður fjölbreytt að vanda en m.a. mun **Kristín Steinsdóttir**, ein af okkar þekktustu rithöfundum, ávarpa gesti, en síðasta bók hennar, *Ljósa*, vakti mikla athygli. **Jóhann Ingi Gunnarsson** sálfræðingur mun fjalla um það að *bera ábyrgð á eigin hugarfari*. Fjórir starfsmenn úr **Þyrilusveit Landhelgisgæslunnar** mæta galvaskir og fjalla í máli og myndum um mikilvægi góðrar samvinnu. Við ljúkum síðan ráðstefnunni að hætti hinna stórskemmtilegu herramanna sem nefna sig „**Hundur í óskilum**“.

Skráning á ráðstefnu- og árshátíð verður innan hvers skóla en þess er vænst að hver skólastjóri fylli út þátttökuseðil (sem verður sendur) fyrir sína starfsmenn og sendi á lisbet@svth.is.

Nýr samningur við Hagfræðistofnun HÍ

Síðast liðið vor var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið að vinna skýrslu að beiðni SSSK. Skýrslan hefur þegar komið út og verið send félagsmönnum. Á nýliðnum stjórnarfundum var ákveðið að gera nýjan samning við Hagfræðistofnun um að halda þessari vinnu áfram og safna nýjum tölum frá skólum innan SSSK. Það er nauðsynlegt að halda vel utan um upplýsingaöflun og upplýsingastreymi þar sem skólarnir okkar eru annars vegar. Það er styrkur fyrir rekstraraðila og heldur nauðsynlegri umræðu um sjálfstæða skóla vakandi í þjóðfélaginu.



Mikilvægur fundur með rekstraraðilum leikskólanna um þjónustusamninga þann 23. febrúar

Það er ljóst að harðnað hefur á dalnum hvað varðar rekstur leikskólanna. Samningar sem voru gerðir á síðasta ári hafa reynt duga skemur en gert var ráð fyrir og því er mikilvægt að hittast og bera saman bækurnar áður en næstu skref verða stigin í samskiptum við Menntasvið Reykjavíkur. Hér má minna á að samkvæmt niðurstöðum skýrslu Hagfræðistofnunar eru sjálfstætt starfandi leikskólar ódýrari fyrir sveitarfélögin. Fundarboð verða send innan skamms og eru rekstraraðilar hvattir til að taka með sér skólastjóra sinna skóla auk þess sem rekstraraðilar utan Reykjavíkur eru velkomnir.

Menntasvið Reykjavíkur leggur lokahönd á þjónustusamning við sjálfstætt rekna grunnskóla

Menntasvið Reykjavíkur hefur sent SSSK lokadrög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla í borginni. Búið var að senda formlegar athugasemdir við drögin á Menntasvið. Í nýjustu drögum virðist hafa verið tekið tillit til nánast allra athugasemda og því má búast má við að gengið verði frá formlegum undirskriftum innan skamms.

Margrét Pála fékk hvatningarviðurkenningu FKA ; Félag kvenna í atvinnurekstri

Þann 27. janúar síðast liðinn tók Margrét Pála við hvatningarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Árni Páll Árnason afhenti Margréti Pálu viðurkenninguna við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Við erum stolt af formanninum okkar og óskum Margréti Pálu innilega til hamingju með þessa glæsilegu viðurkenningu.



Frá afhendingu verðlaunanna: Hafdís Jónsdóttir, formaður FKA, Margrét Pála og Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra